

Reykjavík 3. desember 2018

Greinargerð með tillögum fagnefndar um úthlutun styrkja Menningar- íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur 2019

Fagnefndina skipuðu: Hávar Sigurjónsson (formaður), Pétur Grétarsson, Sólveig Pálsdóttir, Ástríður Magnúsdóttir, Haukur Már Hauksson.

Almennt:

Nefndin skoðaði allar umsóknir með það í huga hvernig þær féllu að viðmiðum Reykjavíkurborgar sem tekin eru fram í fylgiskjali með umsóknum og á umsóknareyðublaðinu sjálfu. Almennt voru umsóknir mjög góðar og verkefni áhugaverð og fáar umsóknir sem nefndinni þóttu alls ekki koma til greina. Það var því sannarlega úr vöndu að ráða þegar kom að því að velja og hafna og ákvarða styrkuppþæð enda yfirleitt sótt um mun hærri uppþæð en mögulegt er að veita. Það vakti athygli nefndarinnar hversu konur eru í miklum meirihluta meðal umsækjenda og hversu mörg verkefni eru skipuð konum eingöngu.

Tónlist:

Umsóknir um tónlist voru 38 og endurspegla hversu öflugt og fjölbreytt tónlistarlífið er í borginni. Undir þennan hatt fellur öll tónlist; klassísk, jazz, samtímatónlist, þjóðlagatónlist, dægur- og popptónlist og ekki síst tónlistarhátíðir af ýmsum toga. Áhersla nefndarinnar var að styrkja flutning frumsaminnar nýrrar tónlistar en um leið að gæta þess að fjölbreytnin endurspegladist í úthlutuninni. Það er ekki hvað síst í tónlistinni sem menningarleg fjölbreytni nýtur sín og kemur það fram í tillögum að úthlutun.

Nefndin vill sérstaklega vekja athygli ráðsins á starfsemi lúðrasveitanna í Reykjavík sem skipa sérstakan sess í hugum borgarbúa og hafa verið styrktar af borginni um áratugaskeið. Þeirri hugmynd er hér með komið á framfæri hvort ekki sé réttast að setja lúðrasveitirnar á sérstaka fjárveitingu svo sjálfsagt sem það þykir að styrkja þær.

Leiklist:

Umsóknir um leiklistarverkefni voru 38 og nær allar frá ungu atvinnufólki í leiklist sem starfar sjálfstætt utan stóru leikhúsanna, Þjóðleikhúss og Borgarleikhúss. Nánast öll verkefni eru ný og frumsamin og sýna þann kraft sem býr í sjálfstæðu leiklistinni í borginni. Uppsetning leiksýningar er ávallt mjög kostnaðarsöm og styrkur borgarinnar hrekkur því skammt hvað það varðar en getur þó fleytt verkefnum í höfn þegar sótt er um stuðning annars staðar og hægt að sýna fram á að Menningar- og ferðamálaráð RVK hefur trú á verkefni.

Myndlist:

Ekki þarf að fjölyrða um hversu öflugt myndlistarlífið er í Reykjavík. Umsóknir endurspegla það. Undir hatt myndlistar falla málalalist, höggmyndalist, gjörningar, graffík og ljósmyndun og einnig sýningarrými af ýmsum toga ásamt vinnustofum. Með úthlutun sinni tók nefndin sérstakt tillit til verkefna sem ná til

sem flestra hverfa borgarinnar og færa myndlistina nær borgarbúum í sínu daglega lífi.

Þjóðmenning:

Undir þennan lið falla sýningar af sögulegu tagi og samantekt og söfnun á ýmsu sem telst hafa ótvírætt menningarlegt og menningarsögulegt gildi. Einnig umsóknir um menningartengsl og menningarleg samskipti.

Útgáfa tón- og bókverka:

Hér um ræðir útgáfur sem eru alfarið fjármagnaðar af höfundum og/eða flytjendum. Ný frumsamin verk sem tengjast Reykjavík með einum eða öðrum hætti.

Heimildarmyndir:

Almenna reglan er sú að ekki skuli veitt til kvikmyndagerðar. Nefndin telur þó heimildarmynd um Högnu Sigurðardóttur arkitekt vera það mikilvæga heimild um sögu byggingarlistar í Reykjavík að full ástæða sé til að styrkja hana.

Handverk:

Handverk hefur ávallt skipað stóran sess sem alþýðulist á Íslandi og nú eigum við glæsilegan hóp handverksfólks sem sýnir mikla hugmyndaauðgi í sköpun sinni. Sýningin Handverk og hönnun er til vitnis um það og telur nefndin sér bæði ljúft og skylt að styðja við það verkefni.

SAMSTARFSSAMNINGAR:

Icelandic Dance Festival:

Nánast allar umsóknir um styrki til danssýninga snúast um nútímadans. Við höfum verið dugleg við að mennta og þjálfra dansara og eigum nú glæsilegan hóp af dönsurum og danshöfundum. Tækifærin til að sýna hvað í þeim býr eru hinsvegar fá héraendis og engir danshópar njóta reglulegs stuðnings ríkis og sveitarfélaga utan Íslenski dansflokkurinn. Nefndin telur því sérstaklega mikilvægt að styrkja Icelandic Dance Festival sem er flaggskip íslensks nútímadans og veitir danslistafólkinu okkar tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Því leggur nefndin til að samstarfssamningur við Icelandic Dance Festival verði framlengdur um tvö ár og árleg upphæð verði hækkuð úr 3 milljónum króna í 4 milljónir króna.

Múlinn jazzklúbbur:

Múlinn hefur undanfarna áratugi vaxið sem ómissandi vettvangur fjölbreyttrar ryþmískrar tónlistar í síbreytilegu tónleikaumhverfi Reykjavíkur. Hann skipar ótvíræðan sess í hugum tónlistarfólks sem áhugafólks um ryþmíska tónlist og því leggur nefndin til að samstarfssamningur við Múlinn verði framlengdur um tvö ár og árleg fjárveiting hækkuð um kr. 500.000 úr kr. 1.000.000 í r. 1.500.000.

**Nýr samstarfssamningur:
Myndhöggvarafélag Reykjavíkur:**

Fagnefnd leggur til að samþykkja beiðni Myndhöggvarafélagsins um samstarfssamning og hafa hann til tveggja ára. Mikilvægt er að halda áfram því góða starfi sem þar er unnið. Einnig er mikilvægt að viðhalda þeirri verkþekkingu sem félagsmenn búa yfir og unnið er að því að efla og auka daglega. Mikil gróska er í félaginu um þessar mundir og mikill hugur í fólki. Félagsmenn telja á um þriðja hundrað og undanfarin ár hefur hlutur ungs fólks aukist og einnig hlutur kvenna. Félagið hefur verið virkt í sýningarhaldi bæði innan dyra sem utan, í Reykjavík og úti á landi og m.a. verið þáttakandi í Listahátíð í Reykjavík og Reykjavík Menningarborg Evrópu árið 2000. Myndhöggvarafélagið hefur átt frumkvæði að sýningunum *List um landið*, *Strandlengjan I og II*, *Firma '99* og nú síðast *Hjólið – Fallveldi heimsins*, sem var fyrsti hluti af fimm sýninga röð sem Myndhöggvarafélagið stendur fyrir í aðdraganda fimmtíu ára afmælis félagsins árið 2022. Sú næsta *Hjólið II – Úthverfi* verður haldin í Breiðholti og Árbæ sumarið 2019.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík var formlega stofnað árið 1972 en á rætur sínar í svonefndum *Útisýningum á Skólavörðuholti* á sjöunda áratugnum. Helstu hvatamenn voru Ragnar Kjartansson og Jón Gunnar Árnason. Síðan þá hefur félagið unnið ötullega að því að myndlistarmenn hafi aðgang að verkstæðum með viðeigandi tækjakosti og vinnustofum til að sinna listsköpun auk þess að skipuleggja sýningar og gefa út ritað efni. Félagið, verkstæði og vinnustofur þess eru til húsa að Nýlendugötu 15 en í því húsnæði var áður vélsmiðja Kristjáns Gíslasonar.